


MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

KRÓNAN fyrst og fremst ódýr

Gott saman

BISTRO

598 kr. pk.

Pizza pepperoni, Coke, Coke Light eða Coke Zero 2 ltr

998 kr. pk.

Grillaður kjúklingur og Pepsi eða Pepsi Max, 2 ltr

FRÁBÆR HELGI

40% afsláttur

447 kr. kg

Verð áður 745 kr./kg
Krónu kjúklingabitar, blandaðir

549 kr. pk.

Grillborgarar með brauði, 4stk.

199 kr. stk.

Heimilisjógúrt 3 tegundir, 1 ltr

Emmessis

10 Stangir

379 kr. pk.

Emmess ávaxta- og regnbogastangir

Lúxussalat, allar tegundir

2 fyrir 1

50% afsláttur

299 kr. stk.

Verð áður 598 kr./stk.
Meistara kryddkaka

Öll verð eru lítt með fyrirvara um þær skilyrði og/öðru erandi.

SARA MARGRÉT OG SNORRI Í FULLUM KLÆÐUM



Frumraun á leiksviðinu

Mynd/hag

Snorri Engilbertsson og Sara Margrét Nordahl leika í Klæðum

Leikritið Klæði verður frumsýnt í leikhúsinu Norðurljósum á Seltjarnarnesi sunnudagskvöldið 30. maí. Að verkinu standa nokkrir af efnilegri ungu listamönnum landsins.

Höfundur þess er Bergur Ebbs Benediktsson og leikstjóri er Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA, en þeir koma báðir úr uppistandshópnum Mið-Ísland. Tónlistin við verkið er samin af Snorra Helgasyni, sem var einmitt með Bergi í Sprengjuhöllinni, og verður flutt lífandi af Snorra sjálfum á hverri sýningu.

Skemmtileg áskorun

„Þetta er dramatískt verk með kómískum undirtón,“ segir Sara Margrét Nordahl, sem fer með aðalhlutverkið. Söru Margréti

þekkja flestir úr hlutverki sínu í Vaktarsériunum og kvikmyndinni Bjarnfreðarson, þar sem hún lék sjoppustelpuna Ylfu Lind, en þetta er frumraun hennar á leiksviði.

„Ég er mjög spennt fyrir því að leika fyrir framan áhorfendur, það er ný og skemmtileg áskorun,“ segir Sara Margrét, en á erfitt með að gera upp við sig hvort henni þykir meira spennandi. „Þetta er svo ólíkt að það er ekki hægt. Það er auðvitað allt öðruvísi að setja upp leikrit en að leika fyrir sjónvarp eða kvikmyndir. Þetta er mikil æfing og endurtekning og miklu meira unnið með rými, stærð, tíma og slíkt,“ segir Sara.

Texti skrifaður af gáfumenni

Annað kunnugt andlit í Klæðum er Snorri Engilbertsson.

„Í rauninni er þetta fyrsta alvöru verkefnið á sviði sem ég tek mér fyrir hendur,“ segir Snorri, en hann er þó langt frá því að vera nýgræðingur í leiklistinni. Hann lék í kvikmyndunum Astrópiu og Reykjavík Whale Watching Massacre og þá fer hann einnig með hlutverk í myndinni Sumarlandið sem verður frumsýnd í sumar.

Hann er ekki síður spenntur en Sara fyrir því að frumflytja verkið, sem hann segir vel skrifað. „Þetta er mikill texti og það fer ekki á milli mála að það var gáfumenni sem skrifaði handritið,“ segir Snorri og bætir við: „Leikritið er sérstakt að því leyti að það snýst meira um textann en eitthvað annað.“

Snorri og Sara eru bæði að ljúka sínu öðru ári í Leiklistardeild Listaháskóla Íslands.

HÖFUNDURINN BERGUR EBBI

Höfundur Klæða er Bergur Ebbs Benediktsson. Bergur er 28 ára en hefur komið víða við þrátt fyrir ungan aldur. Hann er menntaður lögfræðingur, en þekktastur er hann fyrir að vera meðlimur grínhópsins Mið-Ísland og hljómsveitarinnar Sprengjuhöllin, sem hann sagði skilið við í fyrra. Á dögunum gaf hann út ljóðabókina Tími hnyttinnar er liðin, sem er hans fyrsta bók til þessa, og Klæði er einnig fyrsta leikverkið sem hann skrifar.



Feitast í blaðinu

Besta íslenska Eurovision-lagið. Þjóðin kaus og niðurstöðurnar eru skýrar. >>4

Nemendur úr HÍ í ólíkum námsgreinum segja frá náminu sínu. >>6

Stíllinn tekur fyrir Rachel Zoe, launahæstu módel heims og förðunarráð. >>8

Oddvitarnir í Reykjavík spurðir spjörnum úr um allt sem máli skiptir. >>12

Sigmar Guðmunds kynnir Eurovision og er orðinn mikill Eurovision-nörd. >>16

Efst í huga Monitor

Sá sem stjórnar borginni



Forsíðu þessa tölublaðs prýðir valdamesti maður höfuðborgarinnar, Oddur Viti. Oddur Viti er búinn til úr oddvitunum átta sem bjóða sig fram í kosningunum sem fara fram á laugardaginn. Þeir sem eru óvissir um hvaða oddvita þeir eiga að kjósa á laugardaginn ættu að kjósa Odd Vita. Hann er gæddur öllum kostum sem

oddviti getur haft, en reyndar öllum ókostunum líka. Monitor hvetur lesendur til að reyna að ráða í hvaða líkamspartar Odds Vita koma úr hvaða oddvita. Það er bráðskemmtilegt. Í miðju þessa blaðs má svo lesa allt um hina raunverulegu oddvita.

Monitor óskar öllum yndislegar helgar í góða veðrinu!

Monitor mælir með

Á NETINU Gömul, íslensk Eurovision-myndbönd á YouTube eru argasta snilld, nú þegar Eurobakterían hefur riðið yfir þjóðina. Flest eru þetta atriði sem maður sá fyrir mörgum árum en man furðulega vel eftir.



Á NETINU Datamerket.is er vefur sem opnaði nýlega og hefur að geyma ógrynni af tölulegum upplýsingum um íslenskt samfélag. Hvað kostaði til dæmis kílóíð af súpukjöti fyrir 30 árum og hvað fóru margir í bíó árið 1995? Já, vissulega er þetta fyrir nördann í okkur öllum, en engu að síður bráðskemmtilegt.

Á NETINU Today I'm Wearing er fastur liður á heimasíðu breska VOGUE þar sem þeir fá í lið með sér stjórnur og mynda fatnað þeirra.



Í maí tekur Daisy Lowe þátt, myndar klæðnað sinn og setur á vefinn. Myndunum fylgja svo upplýsingar um hvaðan fötin eru keypt.

Vikan á...

facebook



Bubbi Morthens þvílk steming Öspin ilmar grasið verða

dökk grænt. Moldin rök og frjó lauf sprettur fram lík og glæponar í Batman mynd steinbrjótarnir í skjóli í glufum milli steina. Lömbin trítla mömmusjúk. Rósirnar mínar Vaxa þósturinn singur átstini lof Pírí pírí singur svartþrósturinn Og tínur uppi sig rennblauta áanimaðka sem þoli ekki vatnið hungansflugur á sveimi ég Lifi.

Föstudagur klukkan 18:00



Vala Grand Omg mig langar í alveg eins píku og kim kardashian

hahahah eigum við að ræða nyjasta celeb myndbandið paris hilton. pamelanna be lol hvor myndband fanst ykkur hott ppl hahahah !!

Sunnudagur klukkan 19:38



Gunnar í Krossinum Þorsteinsson Detoxhótel Jónínu Ben er

ársgamalt í dag. Til hamingju með daginn.

Sunnudagur klukkan 12.19



Skjoldur Eyfjord þarf að endurskoða allt lífið

Mánudagur klukkan 14:55



Gisli Marteinn Baldursson Gamall Eurovision skjálfti tók sig

upp í kvöld! Simmi var góður en Hera jafnvel enn betri :-)) Til hamingju Ísland.

Miðvikudagur klukkan 21:04

Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Sími: 569-1136

Blaðamenn: Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is), Vigdís Svverrisdóttir (vigdis@monitor.is) **Forsíða:** Haraldur Guðjónsson

Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson **Grafík:** Elín Esther **Auglýsingar:** auglysingar@monitor.is **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent

Monitor stóð fyrir kosningu á **mbl.is** þar sem þjóðin fékk að velja besta íslenska Eurovision-lagið frá upphafi. Um tvö þúsund manns tóku þátt og verður ekki deilt um niðurstöðuna: **Nína** er besta lagið!



2
22,71%

Is It True?
2009
Flytjandi: Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
Sæti í keppninni: 2

JÓHANNA GUÐRÚN STÍGUR UPP Í GULLVAGNINN OG HELDUR Í SIGURFÖR TIL MOSKVU



3
13,94%

All Out Of Luck
1999
Flytjandi: Selma Björnsdóttir
Sæti í keppninni: 2

ÞORVALDUR BJARNI OG SELMA SKÁLA FYRIR GÓÐU GENGÍ Í ÍSRAEL



4
5,4%

This Is My Life
2008
Flytjandi: Eurobandið
Sæti í keppninni: 14

EUROBANDIÐ KOM SKEMMTILEGA Á ÓVART



5
4,94%

Gleðibankinn
1986
Flytjandi: ICY
Sæti í keppninni: 16



6
4,88%


Minn hinsti dans
1997
Flytjandi: Páll Óskar
Sæti í keppninni: 20




Íslendinga dreymir um Nínu

EURO 

Congratulations
2006
Flytjandi: Sívía Nótt
Sæti í keppninni: 13 (forkeppni)



7
3,48%



10
1,97%

Tell Me
2000
Flytjandi: Einar Ágúst og Telma.
Sæti í keppninni: 12



8
3,14%

Eitt lag enn
1990
Flytjandi: Sigríður Beinteinsdóttir og Grétar Örvarsson.
Sæti í keppninni: 4




11
1,92%

Valentine Lost
2007
Flytjandi: Eiríkur Hauksson
Sæti í keppninni: 13 (forkeppni)



9
2,85%

Þú og þeir (Sókrates)
1988
Flytjandi: Stefán Hilmarsson og Sverrir Stormsker.
Sæti í keppninni: 16



12-13
1,74%

If I Had Your Love
2005
Flytjandi: Selma Björnsdóttir
Sæti í keppninni: 16 (forkeppni)



EYFI OG STEBBI HILMARS SKOÐA JAKKANNA EFTIRMINNILEGU SEM ÞEIR KLÆDDUST Í RÓM



1
24,27%
Draumur um Nínu
1991
Flytjendur: Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson
Sæti í keppninni: 15

ÞJÓÐIN SAT LÍMD VIÐ SKJÁINN ÞEGAR STEBBI OG EYFI TRÓÐU UPP Í RÓM

Eurovision

Fæ aldrei leið á þessu lagi

Eyjólfur Kristjánsson er höfundur vinsælasta Eurovision-lags Íslendinga, Draumur um Nínu

„Ég er ákaflega hræður yfir þessum niðurstöðum, það er mikill heiður fyrir mig að vera í hópi allra þessara frábæru listamanna og að Nína skuli standa uppi sem sigurvegari innan um þessi mörgu, flottu lög er bara alveg yndislegt,“ segir Eyjólfur Kristjánsson, höfundur vinsælasta Eurovision-lags Íslands fyrr og síðar.

Eyfi flutti lagið ásamt Stefáni Hilmarsyni í keppninni sem fram fór í Róm árið 1991 og höfðu þeir í 15. sæti. Þótt Evrópa hafi ekki orðið ástfangin af laginu við fyrstu áheyrn er ekki hægt að segja það sama um Íslendinga. Lagið hlaut um fjórðung atkvæða í könnuninni og kemur það kannski fáum á óvart, enda eitt vinsælasta dægurlag fyrr og síðar á Íslandi.

óhjákvæmilega verður hann að gera það og þá er Nína horfin og hann bíður óþreyjufullur eftir að sofna aftur, svo hann geti hitt Nínu sína í draumi.“

Fær aldrei leið á laginu

Draumur um Nínu er án efa eitt mest spilaða lag á Íslandi undanfarna tvo áratugi og Eyfi hefur margoft sungið það á tónleikum síðan hann flutti það í Eurovision. Hann segist þó seint verða þreyttur á Nínu. „Ég fæ aldrei leið á þessu lagi. Það er bæði vegna þess að ég samdi bæði lag og texta og einnig á lagið mikinn þátt í þeirri velgengni sem ég hef átt að fagna í gegnum minn tónlistarferil. En ég get ekki sagt að ég skelli því oft í spilarann samt,“ segir Eyfi og hlær.

Eyfi er staddur í Kaliforníu-fylki í Bandaríkjunum um þessar mundir þar sem hann er meðal annars að skoða tónlistartengd verkefni. „Ég og mín fjölskylda erum að fást við afleiðingar kreppunnar eins og svo margir aðrir. En sumarið lítur ágætlega út, það eru ýmis verkefni sem bíða mín, sem og golf með félögum,“ segir Eyfi og bætir við: „Vonandi lagast ástandið sem fyrst, því að Ísland og Íslendingar eru mitt land og þjóð og maður vill helst hvergi annarsstaðar vera.“

Eyfi segist ekki vera sérstakur áhugamaður um Eurovision, en játar að hann fylgist að jafnaði með úrslitakvöldinu. Það er því óskandi að hann finni hóp Eurovision-brjálæðinga í Kaliforníu á laugardagskvöldið svo hann geti fylgst með Heru stíga á stökk.

Nafnið var skáldskapur

Texti lagsins er einnig eftir Eyfa og segir hann að nafnið Nína hafi bara verið skáldskapur. Nafnið valdi hann meðal annars vegna þess að aðalkeppnin fór fram á Ítalíu og vildi hann að það væri ekki of frumstætt fyrir heimamenn. „Ég hugsaði á þessum tíma hvort ég þekkti einhverja Nínu hér heima og eina Nínan sem ég þekkti var Nína Helgadóttir, systir Hallgríms rithöfundar og bræðranna með öngulinn í rassinum. Ætli ég hafi ekki bara fengið nafnið lánað hjá henni, en hún er sprellifandi sem betur fer!“ segir Eyfi.

Spurður um innihald textans segir hann: „Textinn er náttúrulega afar sorglegur, fjallar um ungan mann sem hefur misst unnustu sína og sér hana síðan alltaf í draumum sínum og vill helst ekki vakna upp frá þeim. En

12-13
1,74%
Je Ne Sais Quoi
2010
Flytjandi: Hera Björk
Sæti í keppninni: ?

14
1,05%
Open Your Heart
2003
Flytjandi: Birgitta Haukdal
Sæti í keppninni: 8 – 9

15
0,99%
Nei eða já
1992
Flytjandi: Sigríður Beinteinsdóttir og Sigrún Eva Ármannsdóttir
Sæti í keppninni: 7

16-17
0,93%
Hægt og hljótt
1987
Flytjandi: Halla Margrét Árnadóttir
Sæti í keppninni: 16

18
0,64%
Nætur
1994
Flytjandi: Sigríður Beinteinsdóttir
Sæti í keppninni: 12

19
0,58%
Angel
2001
Flytjandi: Two Tricky
Sæti í keppninni: 23

20-21
0,52%
Þá veistu svarið
1993
Flytjandi: Ingibjörg Stefánsdóttir
Sæti í keppninni: 13

20-21
0,52%
Sjúbídú
1996
Flytjandi: Anna Mjöll Ólafsdóttir
Sæti í keppninni: 13

22
0,46%
Núna
1995
Flytjandi: Björgvin Halldórsson
Sæti í keppninni: 15

23
0,41%
Það sem enginn sér
1989
Flytjandi: Daníel Ágúst
Sæti í keppninni: 22
(0 stig og síðasta sæti)





Jóhann Alfreð Kristinsson (1985)

Lögfræði

MR formálbraut 1

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Það er nú oft þannig að þegar maður veit ekki hvað maður á að gera þá endar maður í lögfræði.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Áhuginn hjá mér á almennu lögfræðinni kviknaði á fyrsta ári. Ég hafði heyrt skelfilega hluti um kúrsinn, hversu erfiður hann væri, en það var bara einn skemmtilegasti tíminn í lagadeild. Það hefur nú ekkert drepjið mig úr leiðindum, en ákveðnir partar námsins gengið nærri því.

3. Hversu langt er námið?

BA prófið er 3 ár með skyldufögum og mjög stórum, massífum kúrsnum. Í mastersnáminu er svo aftur á móti hægt að velja sér áherslusvið og algengt er að fara í skiptinám. Masterinn er 2 ár.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Námið í lagadeild er gríðarlegt sjálfsnám sem er mjög krefjandi. Seinasta mánuðinn fyrir próf er maður kominn í híði, eins og skógarbjörn kominn inn í hellinn.

5. Framtíðarmöguleikar sem lögfræðingur?

Það eru lögfræðingar í öllum fyrirtækjum.

6. Hvernig er félagslífið?

Það er mikið um að vera og heyrst hefur að félagslífið í lagadeild sé jafnvel of gott.

Pétur Örn Svansson (1984)

Sálfræði

Verzlunarskóli Íslands, alþjóðbraut

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Sálfræðin hafði alltaf heillað mig og eftir að hafa séð Dr. Jennifer Melfi láta jafn mikinn nagla og Tony Soprano fara að gráta, var þetta aldrei spurning.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Að geta tæklað þælingar sem maður er með í hausnum út frá hlutlægu sjónarmiði er gott verkfæri í kistuna, en eins og með allt nám þá eru að sjálfsgöðu alveg fög inn á milli sem eru ekki beint að hruga inn nettleikastigum. Svo er líka þreytt þegar fólk segir manni að vera ekki að sálgreina sig.

3. Hversu langt er námið?

3 ár í BS-gráðuna og svo eru nokkrir möguleikar fyrir framhaldið. 2 ár í viðbót og þá getur maður kallað sig sálfræðing.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Námið tekur sinn toll og maður þarf að sinna því ef maður ætlar að gera þetta almennilega. Ég hef samt náð að þúsla því ágætlega saman við fótboltaíðkun mína hjá Víking.

5. Framtíðarmöguleikar sem sálfræðingur?

Það er ótal margt í boði og er það eitt af því sem gerir þetta nám svo spennandi. Klínískur, íþróttá-, vinnu- og auglýsingasálfræðingur, svo dæmi séu tekin. Það sem heillar mig persónulega er klínísk sálfræði og vinnusálfræði.

6. Hvernig er félagslífið?

Félagslífið í sálfræðinni er mjög gott ef maður vill sökkva sér í það. Ég hef eignast nokkra af mínum betri vinum þarna. Það er líka gott að umgangast vini í sálfræðinni til að fá útrás fyrir sálfræðingólúðann í manni þar sem maður getur sagt fólk vera hátt á snyder, vísað í alpha-male defense mechanism og foot in the door effect.



Nú eru nýútskrifaðir stúdentar margir hverjir í miklu basli við að velja sér háskólanám. **Monitor** tók púlsinn hjá nemendum Háskóla Íslands frá hinum ýmsu deildum.

Það er leikur að læra



Róbert Torfason (1988)

Eðlisfræði

Verzlunarskóli Íslands, eðlisfræðibraut

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ég hef alltaf stefnt að einhvers konar raungreinánámi og eftir að ég slysaðiðt inn í ólympíulíðið í eðlisfræði fannst mér mjög rökrétt framhald að fara í eðlisfræðinámið við Háskóla Íslands.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Skemmtilegast er að læra um áhugaverða hluti á borð við afstæðiskenninguna. Leiðinlegast er hins vegar langir, loftlausir og lýjandi verklegir tímar.

3. Hversu langt er námið?

BS námið sem ég er í er 3 ár, þó að eitthvað langt og spennandi framhaldsnám bíði eflaust eftir mér að því loknu.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Þrátt fyrir að námið sé krefjandi og verkefnaskil taki sinn tíma í hverri viku, þá er alveg pláss fyrir eitt til tvö áhugamál með námi, jafnvel fleiri. Það fer aðallega eftir því hversu harkalega maður vill ganga fram af sér í törminni fyrir lokaprófin.

5. Framtíðarmöguleikar sem eðlisfræðingur?

Eðlisfræði spannar vítt svið og er því góður grunnur fyrir flest störf tengd raungreinum. Flestir í kringum mig hafa ekki sett sjónir sínar lengra en á frekara framhaldsnám, en sjálfur ætla ég að gera eitthvað stórkostlegt að loknu framhaldsnámi og fá mælieiningu í SI-kerfinu nefnda eftir mér.

6. Hvernig er félagslífið?

Félagslífið er gott, stærðfræði- og eðlisfræðinemar eru saman í nemendafélaginu Stigli og það er alltaf eitthvað að gerast, til að mynda hinar sívinsælu vísindaferðir. Þá er gott að vera í litlu nemendafélagi því nánast undantekningalaust komast allir að sem vilja. Eini ókosturinn eru stærðfræðingarnir, það gengur oft erfiðlega fyrir okkur samkvæmisljónin í eðlisfræðinni að umbera nördaskapinn í þeim.

Sigríður Hulda Árnadóttir (1987)

Hjúkrunarfræði

Kvennaskólinn, náttúrufræðibraut

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Ég byrjaði í læknisfræði í Danmörku en hætti fljótt og kom heim. Vildi þó halda áfram í námi svo ég skráði mig í hjúkrunarfræði og hef heillast af henni.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Skemmtilegast er verklegi hluti námsins, að læra að setja upp æðaleggi og annað slíkt. Leiðinlegast væri fræðilegi þáttur hjúkrunar.

3. Hversu langt er námið? 4 ár.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Ég hef unnið frekar sjálfstætt í náminu, með góðum gögnum sem eru aðgengileg í gegnum innra net, þannig að ég er ekki föst í skólanum allan sólarhringinn. Hef þá frekar tekið tamar fyrir próf og alltaf gengið mjög vel.

5. Framtíðarmöguleikar sem hjúkrunarfræðingur?

Eftir námið fara margir beint inn á spítala og starfa sem hjúkrunarfræðingar. Einnig er hægt að bæta við sig sérnámi, t.d. skurðhjúkrun og svæfingahjúkrun.

6. Hvernig er félagslífið?

Nemendafélagið okkar Kúrador stendur fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum, upp úr standa árshátíðin og óvissuferð.



Elvar Örn Svansson (1985)

Enska

Menntaskólinn á Akureyri, félagsfræðibraut

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Nei, ég byrjaði í viðskiptafræði sem reyndist ekki eiga við mig og skipti þá yfir í ensku.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Skemmtilegast þykir mér hvernig málfraeðin kom mér á óvart, mun flóknari en ég bjóst við. Leiðinlegasti þáttur námsins eru bókmenntir.

3. Hversu langt er námið?

BS námið er 3 ár og masterinn 2 ár.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Ég er yfirleitt frjál á kvöldin og vinn einnig með skóla.

5. Framtíðarmöguleikar sem ensku-sérfræðingur?

Það er hægt að fara í alþjóðasamskipti, túlkinn og þýðingar, eða starfa í fyrirtækjum sem hafa mikil samskipti við útlönd.

6. Hvernig er félagslífið?

Við erum með vísindaferðir nánast hverja helgi og stærsti viðburður okkar er árshátíðin.



Hólmfríður Björk Rúnarsdóttir (1987)

Efnaverkfræði

Verzlunarskóli Íslands, hagfræðibraut

1. Af hverju þetta nám og stefndir þú alltaf í þessa átt?

Nei, ég stefndi ekki á þetta nám en valdi það sökum þess hve opna möguleika það hefur á atvinnumarkaðnum. Einnig heillaði að setja saman efnaverkfræði og verkfræði.

2. Skemmtilegast og leiðinlegast?

Skemmtilegast er efnaverkfræðin og rannsóknvinnan, leiðinlegast væri grunnurinn í eðlisfræðinni í byrjun námsins.

3. Hversu langt er námið?

3 ár í grunninn og 2 ár í master.

4. Hversu stór hluti af lífi þínu er námið?

Námið tekur stóran hluta dagsins en mögulegt væri að vinna eitthvað með náminu.

5. Framtíðarmöguleikar sem efnaverkfræðingur?

Til dæmis lyfjabransinn eða vinna með orkuferli í virkjunum og álverum.

6. Hvernig er félagslífið?

Það er mjög óflugt félagslíf, stærstu viðburðir eru árshátíð og skíðaferð.



Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 7. júlí 2012 en laugardaginn 24. maí 2014?*

**Svarir þú þessum spurningum játandi
átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!**



TVEIMURÁRUM
ÁUNDAN

Faxafen 10
108 Reykjavík
Sími: 565-9500
Fax: 565-9501

Netfang: postur@hradbraut.is
Veffang: www.hradbraut.is



RACHEL ZOE ER
MEÐ FLOTTAN STÍL

Hin umdeilda Rachel Zoe

Stjörnuhálistinn Rachel Zoe komst fyrst í fjölmiðla fyrir fáeinum árum síðan þegar hún var ásökuð um að dreifa megrunarpillum til kúnna sinna á borð við Lindsay Lohan og Nicole Richie. Tískugyðjan er sjálf þvengmjó og lítur oft út fyrir að vera mjög illa haldin. Rachel þvertók fyrir kjaftasögurnar, en missti marga viðskiptavini sína um það leyti. Dívan gerði ítrekaðar tilraunir til að hreinsa mannorð sitt og

tók meðal annars þátt í raunveruleikaþætti sem fjallaði um líf hennar og starf sem stílisti. Við mælum hiklaust með þættinum The Rachel Zoe Project þar sem henni er fylgt eftir að klæða upp stjórnurnar fyrir Óskarinn og fleiri stóra viðburði.

Rachel Zoe hefur á ný unnið sig upp í Hollywood og klæðir í dag súperstjórnurnar Kate Hudson, Demi Moore, Evu Mendes og Anne Hathaway.



KATE BECKINSALE
Í BALMAIN



ANNE HATHAWAY
Í CHLOÉ

Frá sýningarpöllum yfir á rauða dregilinn

HELSTU KÚNNAR
RACHEL ZOE

Topp 10

Tekjuhæstu fyrirsetur í heimi:

- 1. Gisele Bündchen**
25 milljónir dollara
Dolce&Gabbana og True Religion
- 2. Heidi Klum**
16 milljónir dollara
Diet Coke, McDonalds og Volkswagen.
- 3. Kate Moss**
9 milljónir dollara
Versace og David Yurman
- 4. Adriana Lima**
7,5 milljónir dollara
Victoria's Secret
- 5. Doutzen Kroes**
6 milljónir dollara
Calvin Klein og L'Oreal
- 6. Alessandra Ambrosio**
5,5 milljónir dollara
Louis Vuitton og Prada
- 7. Natalia Vodianova**
5,5 milljónir dollara
Etam undirföt
- 8. Daria Werbowy**
4,5 milljónir dollara
Lancôme og H&M
- 9. Miranda Kerr**
4 milljónir dollara
Victoria's Secret og David Jones
- 10. Carolyn Murphy**
3,5 milljónir
Estée Lauder


TÍSKUHÚSIN NOTA MAC

MAC snyrtivörur eru í uppáhaldi hjá konum um allan heim. Stíllinn kynnti sér förðun á tískusýningum fyrir haustið 2010 þar sem MAC vörur voru allsráðandi baksviðs. Áberandi vinsæl vara var MAC Face and Body farðinn sem allir förðunarfræðingar virðast halda mikið upp á. Hér sýnum við hvaða vörur eru notaðar á heitustu sýningarpöllum.



DSquared2

MAC AUGNSKUGGI CONTRAST 3.690 KR
MAC VARABLYANTUR CHERRY 3.490 KR



MAC CREAM COLOUR
BASE 4.590 KR.
MAC TRANSPARENT
FINISHING PÚÐUR 5.290 KR



Karl Lagerfeld

MAC VARALITUR LADY
DANGER 3.990 KR



Salvatore Ferragamo

Heitasti farðinn í sumar

MAC FACE AND BODY
FOUNDATION 7.890 KR




KATE HUDSON
Í EMILIO PUCCI

CAMERON DIAZ
Í OSCAR DE LA RENTA



WRIGLEY'S
Extra[®]

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



EINAR ÚTSKRIFAST ÚR LJÓSMYNDASKÓLANUM

Draumurinn að vinna fyrir stóru blöðin

Efnilegir ljósmyndarar sýna verk sín

„Þetta er í rauninni allur skalinn af ljósmyndum. Þarna eru ljósmyndarar sem eru í tísku- og auglýsingamyndum, sumir í landslagsmyndum og svo aðrir í portrait og venjulegri barnaljósmyndun,“ segir Einar Smárasón, einn þeirra níu sem nú eru að útskrifast úr Ljósmyndaskólanum. Af því tilefni opnar sýning á verkum nemendanna í húsakynnum skólans. Ýmis tækifæri eru í boði fyrir nemendurna að útskrift lokinni en þar sem námið veitir engin sérstök starfsréttindi er mikilvægt fyrir hvern og einn að sanna sig til að komast áfram í geiranum. „Ljósmyndun er listgrein svo

þetta snýst um að sýna hvað þú getur en ekki endilega um hvað þú hefur lært,“ segir Einar, en sjálfur hefur hann hug á að starfa við tísku- og auglýsingaljósmyndun. Þá hefur hann einnig áhuga á gerð tónlistarmyndbanda og hefur meðal annars gert eitt slíkt fyrir Haffa Haff og vinnur þessa dagana að myndbandi fyrir Friðrik Dór. „En draumurinn væri auðvitað að komast út og vinna hjá einhverju stóru blaði,“ segir hann, en þau bestu á því sviði eru að hans mati Vogue og V Magazine. Sýningin opnar á laugardag og stendur til 6. júní í Ljósmyndaskólanum að Hólmaslóð 6 í Reykjavík.



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Og væntingarnar vakna

Það má segja að Hera Björk hafi gengið á vatni hér í Ósló á þriðjudagskvöld og sýnt efahyggjumönnum í tvo heimana. Margir voru svartsýnir á gengi hennar og þegar níunda umslagið hafði verið opnað var maður vissulega farinn að efast. Hverjar eru annars líkurnar á því að lenda í síðasta umslaginu tvö ár í röð? Ég hefði reyndar orðið furðu lostinn ef við hefðum ekki komist áfram, því stemningin fyrir laginu okkar er mjög góð hér úti. Ég leyfi mér að fullyrða að Ísland hafi fengið bestu viðtökurnar á general-prufunni sem fór fram fyrr um daginn, þar sem einungis voru komnir saman blaðamenn og langt leiddir aðdáendur. Þá var líka gríðargóð stemning fyrir laginu í forkeppninni sjálfri, þótt lætin í okkur Íslendingunum hafi verið þvílík að erfitt var að heyra hvað hinir áhorfendurnir voru að gera.

En þrátt fyrir margra vikna spekuleringar þá veit maður ekki neitt fyrr en maður hefur séð lögin á sviði. Þannig komu sum lög á óvart og önnur ollu vonbrigðum. Til dæmis virðist Eistland því miður ekki hafa virkað nógu vel á sviðinu á meðan gríska lagið, sem hljómaði áður eins og leiðinlegur hringitónn, sló gjörsamlega í gegn og tryllti salinn. Klárlega eitt af topp fimm þar á ferðinni. Belginn kom líka virkilega á óvart og rauf áralanga útleð þjóðar sinnar úr aðalkeppninni, en lagið fékk líklega næstbestu viðtökurnar á eftir gríska laginu.

Það hefur ekki skaðað Heru að tvö síðustu lögin á undan henni voru þau lélegustu, það er Makedónía og Hvíta-Rússland, þótt síðarnefnda



þjóðin hafi einhvern veginn náð að ringla kjósendur með fírrilda-vængjunum sínum og komast áfram.

En salurinn, sem var orðinn vel heitur, var tilbúinn í að klára kvöldið með smá hressleika og varð enginn svikinn af öskudrotningunni. Á Euroklúbbum, þar sem eftirpartíð eftir forkeppnina var haldið, fékk maður að heyra allskyns uppbyggjandi komment um að nú gæti verið komið að Íslandi. Það er því ljóst að við erum alveg með í þessari keppni á laugardaginn. Og þar sem alltaf er að marka slíkt umtal (Gleðibankinn og öll lögin þar á eftir) þá er kominn tími til að undirbúa Egilshöll. Áfram Ísland!

haukurjohnson@monitor.is

Mildir litir móðins í sumar

Ragnheiður kíkta með Monitor í Companys og valdi sér smart hversdags fatnað.



RAGNHEIÐUR GUÐNADÓTTIR

26.11.90
Útskrifuð úr Verzló

Hvað filar þú helst í tísku um þessar mundir? Mér finnst mjög flottir litir vera að koma inn og þá helst pastellitir. Fylltir hælur eru líka mjög flottir.

Hvað filar þú helst við lúkkið? Mér finnst jakkinn æði og ætla að kaupa mér svona ljósar gallabuxur fyrir sumarið.

Hvaða litum klæðist þú? Ég klæðist mikið svörtu en ætla að reyna að brjóta það upp fyrir sumarið.

Hvar verstar þú helst? Ég versla helst erlendis en annars í Topshop, Zöru og GS skóm.

Hvaða snyrtivörur notar þú daglega? Hyljara, sólarpúður og maskara.

Uppáhaldsflík? Ég held mikið upp á fyllt ökklastígvél sem ég var að kaupa og beislitaðar stuttbuxur.

Kvikmynd? Armageddon.

Tónlist? Ég hlusta mikið á útvarp og það sem er í gangi hverju sinni. Annars held ég mikið upp á Hjalma.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Vinna hjá 118 í sumar, útskriftarferð og jafnvel borgarferð, seinna í sumar.

Fallegasti karlmaður í heimi? Boði Logason.

Fallegasti kvenmaður í heimi? Jessica Alba.



SUMMER TREND - AUGNSKUGGI
„Copper“. Endingargóður og mikill litur.
1.980 kr.
Body Shop



COLOURGLIDE - VARALITUR
„Rich scarlet“. Endingargóður og rakagefandi.
1.460 kr.
Body Shop

TOPPUR
6.990 kr.
Fallegur, mildur litur, hægt að nota á sólríkum sumardeggi og eins á djammíð.
39.990 kr.
Companys

GALLABUXUR
Ljósar gallabuxur fyrir sumarið er algjörlega málið.
11.990 kr.
Companys

NATURE'S MINERALS - ANDLITSFARÐABURSTI
Þéttur bursti, gefur einstaklega fallega áferð. 2.380 kr.
Body Shop

NATURE'S MINERALS - ANDLITSFARÐI
Náttúrulegur farði – náttúruleg áferð.
2.890 kr.
Body Shop



SANDALAR
Gladiator sandalarnir halda áfram í sumar.
10.990 kr.
GS-skór

Álfurinn... ...fyrir unga fólkið



Álfasala SÁÁ 26.-30. maí 2010

Álfurinn... ...fyrir unga fólkið

Unga fólkið á skilið að lifa innihaldsríku lífi eins og aðrir. Álfasalan er til stuðnings unglingadeildinni á sjúkrahúsinu Vogu.



SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN



Oddvitarnir í Reykjavík

Jón Gnarr

Besti flokkurinn

Fæddur 2. janúar 1967
Giftur
Meiraprófsbilstjóri



Hefur þú komist í kast við lögin?
Já, ég hef margt verið handtekinn en sjaldnast dæmdur.

Hefur þú lent í slagsmálum?
Ég hef verið sleginn en aldrei slegið til baka.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?
Smakkaði fyrst 10 ára sem hélt mér edru fram til 18 ára aldurs.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Kíkja fram af Látrabjargi.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Já, ég var bassaleikari og söngvari hljómsveitarinnar Nefrennslí.

Hvert var átrúnaðargóð þitt í æsku?

Þórbergur Þórðarson.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Ég sjálfur, ég er mjög sáttur.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Maður.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég er með sorpflokkunaráráttu. Mitt helsta áhugamál er endurvinnsla á sorpi.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

X-Æ.



Ólafur Friðrik Magnússon

Framboð um heiðarleika

Fæddur 3. ágúst 1952
Í sambandi
Læknir



Hefur þú komist í kast við lögin?

Aldrei, ég er mjög staðfastur og heiðarlegur borgari.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Þau slagsmál sem eru mér minnisstæðust voru við góðan vin minn, en mér var hegnt rækilega fyrir því ég handleggsbrotnaði.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Ég smakkaði áfengi í fyrsta skipti 18 ára gamall á skólaballi í MH.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Ég fór með Agli syni mínum í reisu um Bandaríkin þar sem hann plataði mig með sér í öll trylltustu tækin í Universal Studios.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Nei, en það er mikil tónlist í ættinni. Til dæmis er Kjartan sonur minn hljómborðsleikarinn í Ampop.

Hvert var átrúnaðargóð þitt í æsku?

Hið guðlega almætti, Sköpunarverkið.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Ég er mikill performer sjálfur og fæ vonandi einhvern tímann tækifæri til þess.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Læknir.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég hef opnað mig fyrir þjóðinni.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Lífið er yndislegt.



Hanna Birna Kristjánsdóttir

Sjálfstæðisflokkurinn

Fædd 12. október 1966
Gift
Stjórnmálafræðingur



Hefur þú komist í kast við lögin?

Nei, nema hraðasekt þegar ég var yngri.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Nei.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Frekar seint miðað við jafnaldra.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Ég hef aldrei verið mjög áhættusækin, en ætli það að velja sér stjórnmálin sem starf hafi ekki verið fremur áhættusöm ákvörðun.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Nei, en komst í barnakór þegar ég var í grunnskóla.

Hvert var átrúnaðargóð þitt í æsku?

Fyrir utan foreldra mína og aðrar góðar fyrirmyndir, fannst mér Agnetha Fältskog úr ABBA langflottust.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Mér finnst Meryl Streep með ótrúlega útgeislun og væri alveg til í að vera hún í nokkra daga.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Draumurinn var lengi að verða kennari, helst í háskóla.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég elska gott bland í poka.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Látum þessar kosningar snúast um hagsmuni og framtíð Reykvíkinga. Þeir eiga það skilið.



Sóley Tómasdóttir

Vinstri græn

Fædd 12. maí 1974
Gift
Uppeldis- og menntunarfræði



Hefur þú komist í kast við lögin?

Nei, ég hef ekki einu sinni verið stoppuð af löggunni.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Já, sennilega helst við systur mínar í æsku.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

14 ára.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Að ögra samfélaginu.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Já, ég spilaði á básúnu í skólahljómsveit Kópavogs.

Hvert var átrúnaðargóð þitt í æsku?

Móðursystir mín, hún er frábær.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Astrid Lindgren.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Þá væri ég ekki til.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég vann á auglýsingastofu.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Kjósðu vinstri græna í vor.



...og allt sem raunverulega skiptir máli

Texti: Vigdís Sverrisdóttir Myndir: Haraldur Guðjónsson

Baldvin Jónsson



Reykjavíkurfamboð

Fæddur 9. desember 1970
Giftur
Er að ljúka
viðskiptafræðinámi

Hefur þú komist í kast við lögin?

Ég braut ansi oft lög sem villtur unglingur.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Já, margoft hér áður fyrr.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Ég byrjaði að drekka 12 ára en fór í meðferð 19 ára og hef verið edrú síðan.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Það væri eitthvað af unglingsárunum.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Já, ég var trommuleikari í Þjófunum en hætti þegar hljómsveitarmeðlimir voru farnir að rifast um uppröðun nafna sinna á plötunni.

Hvert var átrúnaðargöð þitt í æsku?

Á tímabili Scarface en annars pabbi.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Mel Gibson í Braveheart.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Ég vinn sem leiðsögumaður í fjallaferðum fyrir túrista og er í viðskiptafræði.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég hegðaði mér oft stórkarlega hér áður fyrr en undirrót þess var ótti en ekki hetjuskapur.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Sýnum samfélagslega ábyrgð og stöndum saman.



Dagur B. Eggertsson

Samfylkingin

Fæddur 19. júní 1972
Giftur
Læknir

Hefur þú komist í kast við lögin?

Já, ég var handtekinn 10 ára gamall fyrir að ganga yfir golfvöllinn í Grafarvogi.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Já, ég var laminn fyrsta daginn í Árbæjarskóla.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Þegar bjórinn kom.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Fara í pólitik.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Já, ég var söngvari í Þjóðlagatríói sem síðar breyttist í instrumental band.

Hvert var átrúnaðargöð þitt í æsku?

Michael Jackson.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Ég myndi vilja gera Woody Allen-myndir, en ég myndi kannski ekki vilja vera hann.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Læknir.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég var með sléttasta háar sem sögur fara af til 13 ára aldurs.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Trúum á framtíðina.



Einar Skúlason

Framsóknarflokkurinn

Fæddur 22. september 1971
Í sambandi
Stjórnmálafræðingur



Hefur þú komist í kast við lögin?

Já, ég hef verið stoppaður fyrir hraðakstur.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Ekkert meira en bara pústrar. Ég hef lent verst í því þegar ég hef verið að stilla til friðar. Ég meiddist einu sinni töluvert í Þórsmörk þegar ég ætlaði að stoppa menn af.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Ég var 15 ára. Annað fyllerið var samt eftirminnilegra en það fyrsta. Við vorum tveir vinir sem keyptum saman pela af vodka og svo hætti hann við á síðustu stundu. Ég var því einn með pelann og mundi ekki hvernig kvöldið endaði.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Líklega er það að synda yfir Fossvoginn, bara á sundskýlunni, í þrígga gráðu heitum sjó.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Nei.

Hvert var átrúnaðargöð þitt í æsku?

Simon Le Bon úr Duran.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Einhver fótboltamaður. Lionel Messi kannski? Ég segi ekki Rooney því hann er svo ljótur.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Ef ég væri að byrja í háskólanum núna væri ég örugglega að velja á milli stjórnmálafræði og guðfræði, þannig að kannski væri ég prestur.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég var salernisvörður í Ósló eitt sumar. Versti dagurinn þar var þegar það bilaði allt og flæddi upp úr klósettunum og ég þurfti að þrifa það.

Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Nú þegar eldgosid virðist vera búio: „Fáið alla vini, ættingja og kunningja til að heimsækja Ísland.“



Helga Þórðardóttir

Frjálslyndi flokkurinn

Fædd 28. desember 1957
Gift
Grunnskólakennari



Hefur þú komist í kast við lögin?

Ég var einu sinni tekin fyrir of hraðan akstur.

Hefur þú lent í slagsmálum?

Ég er búin að vera atvinnuótmælandi síðan hrúnið varð, þannig að það er einna helst þegar manni hefur verið ýtt til á Austurvelli.

Hvenær byrjaðir þú að drekka?

Þegar ég var tvítug á Spáni.

Hvað er það hættulegasta sem þú hefur gert?

Þegar ég var rúmlega tvítug og fór á gúmmibátinn hans Árna Johnsen í Vestmannaeyjum og lenti í óveðri. Þá var ég í lífshættu.

Hefur þú verið í hljómsveit?

Nei, en ég lærði á píanó þegar ég var ung.

Hvert var átrúnaðargöð þitt í æsku?

Það voru bara Bítlarnir, það er svo langt síðan.

Ef þú fengir að vera einhver stjarna, hver yrði það?

Ég hugsa að ég myndi vilja vera forseti Bandaríkjanna og afnema skuldir heimsins.

Ef þú værir ekki stjórnmálamaður, hvað værirðu þá?

Ég er náttúrulega kennari og upplif mig ekki sem stjórnmálakonu.

Segðu Monitor eitthvað sem enginn veit um þig.

Ég er sundmanneskja og fékk gull á Norðurlandamóti Garpa þegar ég var 51 árs.






Þú færð einn Facebook-status sem öll þjóðin sér og tekur mark á, hver er statusinn?

Burt með AGS!



Bentu á þann sem að þér þykir bestur

Monitor fékk að heyra skoðun oddvítanna á nokkrum af helstu málefnum er snúa að ungu fólki.

Spurningar:	Hver er afstaða þín til opnunartíma skemmtistaða í miðborginni?	Reykjavíkurflygsvöllur: Burt eða kjurrt?	Hvernig gerum við Reykjavíkurborg að skemmtilegustu borg í heimi?	Hvert er að þínu mati mikilvægasta verkefnið sem snýr að ungu fólki?
 <p>Einar Skúlason</p>	 <p>Mér finnst gott að það sé trappað niður og staðirnir séu opnir mislengi. Þetta má ekki vera þannig að allir loki á sama tíma eins og þetta var. Það var alveg skelfilegt. En svo er kannski samkomulagsatriði hvenær síðasti staðurinn lokar.</p>	<p>Hann á að vera um kjurrt þangað til við finnum annan stað í borginni fyrir hann. Ég vil hafa flugvöll áfram í borginni en við þurfum að finna staðinn áður en við getum flutt hann.</p>	<p>Með því að allir borgarbúar upplifi sig sem gestgjafa og taki vel á móti öllum sem koma til borgarinnar.</p>	<p>Í borgarmálum snýst það fyrst og fremst um atvinnu. Að menn sjái fyrir sér að búa áfram í borginni og vilji eiga heima hérna alla tíð.</p>
 <p>Hanna Birna Kristjánsdóttir</p>	 <p>Ég er ekki hlynnt auknum boðum og bönnum, en tel að á ákveðnu kjarnasvæði í miðborginni verði íbúabyggð að geta þrífist með þjónustunni sem þar er veitt og þess vegna þurfum við að stytta opnunartímann á því afmarkaða svæði í áföngum.</p>	<p>Kjurrt nákvæmlega núna, en vonandi næst einhvern tíma í framtíðinni sátt um aukna byggð í Vatnsmýri.</p>	<p>Reykjavíkurborg er skemmtilegasta borg í heimi.</p>	<p>Það sem skiptir mestu máli fyrir ungt fólk er að hér sé næg atvinna og fullt af tækifærum. Að hægt sé að treysta því að gott sé að búa hér með börn og fjölskyldur, lágir skattar, lágir gjaldskrár, fallegt umhverfi, öflugt menningarlíf og að allir hlutirnir sem eiga að vera í lagi séu í lagi.</p>
 <p>Baldvin Jónsson</p>	 <p>Opnunartíminn er í góðum farvegi. Þar sem af verður mikil truflun vegna nándar við byggð þarf þó að gera sérstakar ráðstafanir. Íbúar ofan við skemmtistaði á til dæmis Laugaveginum hafa væntanlega þekkt staðsetningu skemmtistaða við flutning þangað.</p>	<p>Burt. Í Vatnsmýrinni á að rísa fallet framhald af miðborginni í sambland við stúdentabyggð. Margir skemmtilegir möguleikar með háskólana þarna hvor sínum megin og væri gaman að sjá Listaháskólann flytja þangað líka.</p>	<p>Veit ekki hvort að það sé verdugt markmið í sjálfu sér, en að byggja upp heimsklassa miðborg væri góð byrjun. Ég er reyndar mjög hrifinn líka af hugmyndum um flottari húsdýragarð með ísbirni. Kannski í skotheldu vesti jafnvel?</p>	<p>Að verja menntakerfið og bæta aðgengi að þjónustu. Fólk ætti að hafa aðgengi að fulltrúa hjá borginni sem hefði það hlutverk að kynna þeim ítarlega öll réttindi sín í kerfinu.</p>
 <p>Helga Þórðardóttir</p>	 <p>Mér finnst eðlilegt að það sé nokkuð frjáls opnunartími. Ég er með frelsinu.</p>	<p>Hann á að vera. Við höfum engan pening til að hugsa um þetta núna. Þjóðin á líka að ákveða þetta mál. Minn flokkur er mikið fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur og svona stór ákvörðun á að vera í höndum þjóðarinnar.</p>	<p>Með því að gera fólkið að þátttakendum í að skapa skemmtilega borg. Virkja fólkið til að vera með í stað þess að ákveða fyrir það.</p>	<p>Að skapa ungu fólki aðstaður svo það vilji búa á Íslandi. Ég hef mestar áhyggjur af því að unga fólkið flýi land og ef við förum leið Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá verður flótti af fólki.</p>
 <p>Ólafur F. Magnússon</p>	 <p>Opnunartími veitinga- og skemmtistaða í miðborginni þarf að vera sveigjanlegri og breytilegri þannig að hann færir fram á við í áföngum og ekki þurfi allir að fara heim á sama tíma.</p>	<p>Flugvöllurinn á að vera áfram í Vatnsmýrinni. Allar tillögur mínar í flugvallarmálinu hafa verið felldar 14-1.</p>	<p>Með því að gera borgina fallettri og öflugri og verja fjármunum til menningar-, ferðavænna- og gjaldeyrisskapandi verkefna.</p>	<p>Öflugar forvarnir, góð menntunar- og atvinnutækifæri og umfram allt að uppfærða ungt fólk um hvað stjórnsmálsmenn eru raunverulega að gera fyrir almenning.</p>
 <p>Dagur B. Eggertsson</p>	 <p>Opnunartíminn á að vera breytilegur, það er ekki góð lausn að staðirnir loki allir á sama tíma. Ég hef verið hikandi varðandi styttingu opnunartíma.</p>	<p>Ég hef trú á því að hann fari, en ekki á allra næstu árum.</p>	<p>Leggja áherslu á fjölbreytileika og vinna gegn atvinnuleysi.</p>	<p>Atvinnuálin. Við þurfum að undirstrika að við getum skapað atvinnutækifæri á næstu árum með því að gefa fólki lausan tauminn, til dæmis með ódýru leiguhúsnæði.</p>
 <p>Sóley Tómasdóttir</p>	 <p>Það er mikið ónæði sem íbúar í nágrenni skemmtistaða verða fyrir og þarf því að stytta opnunartíma þeirra, en um leið er mikilvægt að dreifa lokunartímum.</p>	<p>Burt síðar meir til að stuðla að þéttingu byggðar. Flugvöllurinn verður þó ekki fluttur fyrir en komin er ásættanleg lausn fyrir landsbyggðina.</p>	<p>Með því að njóta lífsins og vera opin fyrir nýjum hugmyndum.</p>	<p>Vinna gegn atvinnuleysi, fjölga störfum á vegum borgarinnar og virkja hugmyndir unga fólksins.</p>
<p>Jón Gnarr</p>	 <p>Slíkt ber að skoða sem einstök mál en ekki alhæfa fyrir alla staði.</p>	<p>Burt eða breytt.</p>	<p>Með því að kjósa Besta flokkinn.</p>	<p>Að hleypa ungu fólki að þátttöku í stjórnun og skipulagi borgarinnar.</p>

<p>Hvað er það fyrsta sem þú myndir gera fyrir miðborgina sem borgarstjóri?</p> <p>▼</p>	<p>Vilt þú lækka útsvarið?</p> <p>▼</p>	<p>Hvert telur þú að hlutverk borgarinnar eigi að vera í baráttunni gegn atvinnuleysi?</p> <p>▼</p>	<p>Notar þú strætó?</p> <p>▼</p>	<p>Hverju eru helstu kostir Reykjavíkurborgar?</p> <p>▼</p>	<p>Hverjir eru helstu ókostir Reykjavíkurborgar?</p> <p>▼</p>
<p>Ég myndi fylgja eftir þeim aðgerðum sem þegar eru hafnar gagnvart húsum sem ekki eru í notkun.</p>	<p>Ég vil halda því óbreyttu, allavega ekki hækka það.</p>	<p>Fyrst og fremst að skapa góðar aðstæður fyrir atvinnulíf. Borgin getur ekki farið út í það sjálf að stofna hin og þessi fyrirtæki. Því þarf að skapa góðar aðstæður þannig að fyrirtæki vilji starfa hérna og búa til fleiri störf.</p>	<p>Það kemur fyrir, en eftir að ég hætti að drekka hefur það minnkað.</p>	<p>Nálægðin við náttúruna og jafnframt hvað hún er mikil stórborg þrátt fyrir að vera fámenn. Eins hvað það er lítil stéttskipting.</p>	<p>Ég myndi segja að það væri hugarfarið hjá fólki, sem talar niður borgina. Eins hvað við höfum gert mikil mistök í skipulagsmálum.</p>
<p>Við höfum unnið að mörgum góðum málum fyrir miðborgina á undanförmum árum, en getum og eigum auðvitað alltaf að gera betur. Ég hef sem borgarstjóri stöðugt leitað leiða til að efla miðborgina enn frekar og mun halda því áfram.</p>	<p>Ég vil ekki að skattar hækki í Reykjavík.</p>	<p>Borgin hefur lagt mikið af mörkum í því sambandi, með því að halda úti öflugum framkvæmdum, átaksverkefnum og sérstökum verkefnum fyrir ungt fólk. Verkefni næstu ára er að halda því áfram, þannig að fyrirtæki og frumkvöðlar geti starfað í Reykjavík, að hér séu lágar álögur og að við ýtum undir það frumkvæði sem er í Reykjavíkum sjálfum.</p>	<p>Allt of lítið.</p>	<p>Fólkið, fegurðin, smæðin, nálægðin og fjölbreytnin.</p>	<p>Mér finnst Reykjavík frábær, en auðvitað væri stundum gaman ef við Reykvikingar værum fleiri.</p>
<p>Skipuleggja nýja byggð í Vatnsmýrinni með það að markmiði að búa til enn flottari miðborg. Þetta myndi auka áhuga fólks á að sækja þangað fjölbreytileikann í miðborginni og arðsemi um leið.</p>	<p>Nei, en við munum ekki hækka það.</p>	<p>Að nýta lausnirnar okkar til að skapa störf. Það einfaldlega verður.</p>	<p>Já, þegar ég er ekki að flýta mér geri ég það stundum. Kerfið er óþolandi á stórum köflum.</p>	<p>Fjölbreytileiki byggðarinnar og skipulagsins og lifandi, kraftmikið fólk.</p>	<p>Hún er mjög óþétt. Óþétt byggð er mjög óhagkvæm og er til dæmis stór ástæða þess að strætó virkar ómögulega eins og kerfið er. Hver vill vera tvo tíma með strætó frá Grafarvoginum á áfangastað á kvöldin?</p>
<p>Ég myndi setja skýli fyrir mótmælendur á Austurvelli, setja klósett í Bankastræti og hreinsa til.</p>	<p>Nei, ég myndi halda því óbreyttu.</p>	<p>Við þurfum að horfa á sprotafyrirtæki og efla atvinnusetur fyrir ungt fólk. Reykjavíkurborg gæti hjálpað sprotafyrirtækjum af stað með stuðningi fyrstu árin og þar með eft sköpunarkraftinn í unga fólkinu.</p>	<p>Stundum.</p>	<p>Þetta er æðisleg borg. Helstu kostirnir eru sundlaugarnar, fjallasýnin og nálægðin við náttúruna</p>	<p>Lélegt almennings-samgöngukerfi, of mikil bílaumferð og hún mætti vera hreinni.</p>
<p>Hefja á ný það öfluga átak fyrir miðborgina sem ég stóð fyrir í borgarstjóratíð minni.</p>	<p>Ég vil halda útsvarinu óbreyttu en forgangsraða þannig að hægt sé að lækka eða fella niður gjaldskrár hjá börnum, unglingum, öldruðum og öryrkjum.</p>	<p>Flytja þarf fjárstreymi frá afar dýrum og óarðbærum verkefnum til menningar-, menntunar- og nýsköpunarverkefna og til stóruakinnar ferðaþjónustu og gjaldeyrissköpunar.</p>	<p>Ég átti lengi sex manna fjölskyldu þar sem oft var einn bíll á heimilinu. Öll börnin mín hafa verið stórnotendur á strætó. Fjöldi tillagna liggur eftir mig um ókeypis strætó.</p>	<p>Helstu kostir borgarinnar felast í einstaklega fallegri og hagvæmri staðsetningu hennar með ríkum náttúruverðmætum og góðu aðgengi úr lofti, á láði og legi.</p>	<p>Helstu ókostir borgarinnar felast í óhagkvæmni þess að vera hluti af sjö sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Pólitísk spilling og sukk með almannafé blómstrar í borginni en almenningur er skilinn eftir með sárt ennið og býr jafnvel við fátækt.</p>
<p>Týna rusl, mér finnst miðborgin mjög sóðaleg. Einnig viljum við nýta tóm húsnaði.</p>	<p>Nei, ég treysti mér ekki til þess að lofa því að stjórna góðri borg með tækifærum fyrir alla, með minna á milli handanna heldur en nú er.</p>	<p>Reykjavík þarf að taka forystu. Nú erum við smituð af frjálshyggjunni og gerum því ekki nægar kröfur til borgarinnar, en hún þarf að flýta framkvæmdum, stuðla að nýsköpunarsetrum, vinna með fólki sem vill stofna fyrirtæki og margt fleira.</p>	<p>Já, en ég geng mest.</p>	<p>Reykvikingar.</p>	<p>Kreppan.</p>
<p>Núna stendur til að flytja húsið sem stendur beint á móti ráðhúsinu, yfir á móti garðinum hjá Skúla fógeta. Þá myndast stór reitur sem við ættum að tyrfa og sem yrði framlenging á Austurvelli.</p>	<p>Nei, ekki eins og staðan er í dag. Það er búið að tæma okkar sameiginlegu sjóði í nafni frjálshyggju og við verðum að geta fjármagnað grunnþjónustuna.</p>	<p>Borgin á að axla ábyrgð sem atvinnurekandi.</p>	<p>Já, en ég hjóla mest.</p>	<p>Reykjavík er lítil borg svo það er auðvelt að aðlaga þjónustuna að þörfum fólksins, frábært mannlíf og hún er í fallegu umhverfi sem við þurfum að passa upp á og varðveita.</p>	<p>Borgin er of dreifð og einnig þarf að huga að skipulagi borgarinnar.</p>
<p>Taka niður aspir og setja falleg tré í staðinn og takmarka umferð í miðborginni.</p>	<p>Já.</p>	<p>Ég tel að borgin eigi að leggja sitt af mörkum til að tryggja störf þeirra sem starfa hjá borginni og hafa frumkvæði að atvinnuskapandi verkefnum. Virkja sköpunargáfu ungs fólks.</p>	<p>Mér var gert það ómögulegt með breytingum á strætisvagnakerfinu, ég skildi ekki eftir hvaða kerfi þeir gengu eða hvert þeir færu eftir að hafa eytt mörgum klukkustundum inni á bus.is.</p>	<p>Sundlaugarnar, tækifærin og hún hefur mjög mikla framtíðarmöguleika sem hafa verið vannýttir.</p>	<p>Samgöngukerfið, smekkleysið, tillitsleysið, hún er ófjölskylduvæn og mætti vera mun fallegri.</p>

SJÓNVARP

SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ



FIMMTUDAGUR 27. MAÍ



EUROVISION – SEINNI FORKEPPNI

Sjónvarpið
19:00 Í kvöld kemur í ljós hvaða tíu lönd bæstast við þau sem þegar eru búnar að tryggja sér sæti í aðalkeppni Eurovision á laugardagskvöldið. Íslendingar geta þó ekki kosið í þessari umferð.

PARKS AND RECREATION

Skjár einn
20:35 Amy Poehler fer á kostum í hlutverki ofurmetnaðargjarns bæjarpólitíkuss í smábænum Pawnee í Indiana. Fyndnir þættir sem minna um margt á The Office enda koma þeir að hluta til úr smíðju sömu manna.



FÖSTUDAGUR 28. MAÍ

WIPEOUT USA

Stöð 2
20:00 Það er fátt skemmtilegra en að sjá annað fólk detta og í þessum þáttum má sjá nóg af því þegar keppendur reyna að staulast í gegnum hinar ýmsu þrautir. Áreynslulaus afþreying.



STEINDINN OKKAR

Stöð 2
21:20 Það er aðdáunarvert að fylgjast með því hversu súrt grín Steindi Jr. fær fræga fólk til að taka þátt í. Jón Ársæll að grilla á sér höndina og Sveppi að berja barnungan aðdáanda eru dæmi um það.



LAUGARDAGUR 29. MAÍ



BOLD AND THE BEAUTIFUL

Stöð 2
12:00 Það er sama hvað það er langt síðan þú horfðir á B&B, ef þú tekur heila viku í einum ríkk á laugardagsseftirmiðdegi verðurú aftur kominn á kaf. Er Brooke orðin maður? Er Taylor komin með dindil? Horfðu og þú verður ekki fyrir vonbrigðum.

SATURDAY NIGHT LIVE

Skjár einn
21:00 Þeir sem af einhverjum ástæðum vilja ekki horfa á Eurovision geta horft á Saturday Night Live. Gestur kvöldins er Gabourey Sidibe úr myndinni Precious og hljómsveitin MGMT flytur tvö lög. Þá kemur Eyjafjallajökull litilega við sögu.



KOSNINGAVAKA

Sjónvarpið
22:00 Það er alltaf stemning að heyrast fyrstu tölur og þar sem þetta er eitt mesta djammkvöld ársins má búast við skrautlegum innslögum úr kosningapartýjum víða um bæ.

SUNNUDAGUR 30. MAÍ



SILFUR EGILS

Sjónvarpið
12:30 Sama hver úrslit kosninganna verða má búast við liflegum umræðum í þættinum. Hverjir verða eftir sig eftir fögnuð kvöldsins á undan og hverjir verða í fylgu?

DAILY SHOW

Stöð 2
23:40 Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.



Skammast mín ekki fyrir að vera aðdáandi

Landinn verður límdur við skjáinn þessa vikuna vegna Eurovision og það er Sigmar Guðmundsson sem lýsir herlegheitunum fyrir áhorfendum.

FYRRI ÞULAR

Gísli Marteinn Baldursson	1999-2005
Páll Óskar	1998
Jakob Frímagn Magnússon	1993-1997
Árni Snævarr	1992
Arthúr Björgvin Bollason	1989-1991
Hemmi Gunn	1988
Kolbrún Halldórsdóttir	1987
Borgeir Ástvaldsson	1986

„Þetta er þrælskemmtilegt og allt annað heldur en það sem ég er að gera venjulega hjá Sjónvarpinu. Þannig það er alveg rosalega skemmtileg tilbreyting að komast út í þetta,“ segir Sigmar Guðmundsson, sjónvarpsmögull. Í fimmta árið í röð gegnir hann því mikilvæga hlutverki að fylgja þjóðinni í gegnum Eurovision-ferlið og deila með okkur hagnýtum sem og gagnslauum upplýsingum um lög og keppendur. „Eins einkennilega og það nú hljómar er tónlistin ekkert endilega stærsti parturinn af þessu, heldur frekar upplifunin að vera í kringum þetta,“ segir hann en í gegnum árin hefur hann byggt upp ansi mikla þekkingu á þessu merkilega fyrirbæri. Hann viðurkennir þó að áður en hann tók að sér þetta starf hafi hann ekki haft sérstaklega mikinn áhuga á keppninni og fundist lögin vera frekar mikið rusl. Nú sér hann þetta aðeins öðruvísi. „Málið er að það er samt svo mikil skemmtun í mörgu af ruslinu. Og síðan eru náttúrulega finar perlur inni á milli, flott dægurtónlist og popptónlist.“

Sirkús Silvíu eftirminnilegur

Ýmislegt hefur gengið á hjá Íslendingum síðan Sigmar tók að

lýsa henni og höfum við átt bæði okkar biturstu og gleðilegustu augnablik í keppninni. Það var dónastelpan Silvíu Nótt sem var fulltrúi Íslands í fyrstu ferð Sigmars en þrátt fyrir misjafnar viðtökur segir hann það líklega vera uppáhaldsupplifunina sína tengda starfinu. „Að fylgjast með Silvíu Nótt og öllum látunum sem voru í kringum hana var mjög skemmtilegt. Sá sirkús allur var mjög merkilegur,“ en bætir við að auðvitað standi frammistaða Jóhönnu Guðrúnar líka upp úr. Erfitt er að spá um hvernig gengi Íslands í keppninni ár verður og reyndar gildir það sama um flesta aðra þátttakendur. Að því leyti er keppnin mjög frábrugðin keppninni í fyrri þar sem allir virtust vita hver færi með sigur af hólmi. „Þetta er



SIGMAR Í ESSINU SÍNU Í OSLÓ

FIMMTUDAGUR KL. 19 LAUGARDAGUR KL. 19

EUROVISION

Mynd/Jónatan Garðarsson

EFTIRLÆTISLÖG SIGMARS

Bistra Voda	Bosnía 2009
Et s'il fallait le faire	Frakkland 2009
Pokusaj	Bosnía 2008
Gleðibankinn	Ísland 1986

miklu jafnara en í fyrri. Þá var svo augljóst að Norðmaðurinn myndi vinna að það þurfti nánast ekkert að keppa,“ segir hann, en eftir að hafa kynnt sér lögin í ár telur hann sig þó vita hver eigi mestan möguleika á sigri. „Ég treysti mér til þess að halda því nokkuð einbeitt fram að Danir vinni. Það er ekkert endilega mitt uppáhaldslag í en það er svona lag sem grípur flesta við fyrstu hlustun og útá það gengur þetta svolítið.“ Þá reiknar hann einnig með því að Albanía og Lettland nái góðum árangri. Að lokum svarar Sigmar því að hann myndi líklega ekki halda þessu áfram í hjáverkum ef hann yrði gerður sjónvarpsstjóri. „En þetta hefur farið ágætlega með öðrum mínum hjá Sjónvarpinu og á meðan svo er þá finnst mér í góðu lagi að gera þetta áfram.“

Veðbankar hafa trú á Heru

Veðbankar heims hafa ágæta trú á Heru Björk og íslenska laginu. Eftir glæsta frammistöðu hennar í undankeppninni á þriðjudagskvöldið, hefur hún hækkað á flestum listum veðbanka, sem þýðir að nú fá menn minna fyrir að veðja á sigur hennar. Breski veðbankinn William Hill, sem er einn sá stærsti í heimi, setur íslenska lagið í 8. sæti yfir sigurstranglegustu lögin og gefur stuðulinn 21. Það þýðir að ef lagðar eru undir þúsund krónur á íslenskan sigur og hann gengur eftir, fær viðkomandi 21 þúsund krónur. Allir veðbankar sem Monitor skoðaði eru sammála um að Aserbaídsjan eigi sigurstranglegasta lagið, en framlag Asera er lagið Drip Drop, sem flutt er af hinni 17 ára gömlu Safura Alizadeh.

10 sigurstranglegustu þjóðirnar að mati William Hill

1. Aserbaídsjan 2,62
2. Þýskaland 6
- 3.-4. Armenía 9
- 3.-4. Ísrael 9
5. Svíþjóð 15
- 6.-7. Belgía 17
- 6.-7. Danmörk 17
8. Ísland 21
- 9.-10. Írland 23
- 9.-10. Tyrkland 23




Ertu að fara að búa?
 Ekki byrja á því að skuldsetja þig

Öryggi til framtíðar,
 frelsi þegar þér hentar

B BUSETI™

ÁSKRIFTARTILBOÐ

ÓÐUR TIL SÖGUNNAR OG ÍSLANDS



EINAR FALUR INGÓLFSSON **SÖGUSTAÐIR** Í FÓTSPOR W.G. COLLINGWOODS



SÖGUSTAÐIR er tilgerðarlaus og undurfalleg lýsing á

Íslandi eins og það lítur út á 21. öld borið
saman við Ísland 19. aldar.

Í þrjú sumur ferðaðist ljósmyndarinn
Einar Falur Ingólfsson um landið í fótspor enska
fagurfræðingsins W.G. Collingwoods sem sumarið

1897 málaði 300 vatnslitamyndir af
sögustöðum Íslendingasagna.

Útkoman er óður til sögunnar og Íslands
dagsins í dag.

Fullt verð kr. 5.990

**Sérstakt tilboð til allra áskrifenda
Morgunblaðsins:**

4.990 kr.

Hægt er að panta á www.crymogea.is
eða í síma 5110910

150 ljósmyndir, vatnslitamyndir og teikningar

Sýning í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands á Listahátíð.
Stendur til 31. desember.



CRYMOGEA

– fegurðin býr í bókum

Crymogea | Barónsstíg 27 | 101 Reykjavík | sími 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is

FERILLINN




Michael Cera

Hæð: 178 sentimetrar.
Besta hlutverk: George Michael í sjónvarpsþáttunum Arrested Development.
Skrýtin staðreynd: Nafnið Cera þýðir „vax“ á spænsku, ítölsku og portúgölsku.
Eitruð tilvitnun: „Ég er eiginlega búinn að gefast upp á draumnum mínum um að vera myndarlegur.“

1988 Fæðist 7. júní í Ontario-fylki í Kanada.

1999 Fær sitt fyrsta hlutverk í kanadíska sjónvarpsþáttunum I Was a Sixth Grade Alien. Þættirnir voru eins konar hasargamanþættir sem nutu mikilla vinsælda.

1999 Leikur í sinni fyrstu kvikmynd, sjónvarpsmyndinni Switching Goals sem skartar tvíbura-systrunum Mary-Kate og Ashley Olsen í aðalhlutverkum.



2003 Byrjar að leika í sjónvarpsþáttunum Arrested Development sem nutu mikilla vinsælda um tíma, en þeir voru teknir af dagskrá eftir þrjár þáttaraðir árið 2006.

2007 Leikur stór hlutverk í myndunum Juno og Superbad sem slá báðar rækilega í gegn og koma honum á kortið fyrir alvöru. Superbad kostaði 20 milljónir en þénaði 170 og Juno kostaði 7 milljónir dollara en þénaði rúmar 230 milljónir.



2007 Þrýðir lista tímaritsins People yfir kynþokkafyllstu karlmenn heims.

2009 Tilnefndur til BAFTA-verðlauna sem efnilegasti leikarinn (rising star) en tapar fyrir Noel Clarke.



MICHAEL CERA FER LÉTT MEÐ AÐ LEIKA 16 ÁRA STRÁK ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA 22 ÁRA

Frumnýningar helgarinnar

Youth in Revolt

Leikstjóri: Miguel Arteta.
Aðalhlutverk: Michael Cera, Portia Doubleday, Steve Buscemi, Justin Long, Ray Liotta, Jean Smart, Fred Willard og Zach Galifianakis.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: IMDB: 7,0 / Metacritic: 6,3 / Rotten Tomatoes: 69%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Regnboginn.



Nick Twisp (Cera) er 16 ára strákur sem er afar upptekinn af því að missa sveindóminn, en er ekki beinlínis sá vinsælasti. Nick fellur fyrir bráðgáfaðri og fallegri stúlku (Doubleday) en þegar hann áttar sig á því að áhuginn er ekki gagnkvæmur býr hann sér til nýjan karakter og bregður sér í hlutverk hans. Það á hins vegar eftir að hafa afdrifaríkar afleiðingar og brátt er Nick orðinn eftirlýstur glæpamaður.



MILEY CYRUS HEFUR EKKI SUNGIÐ SITT SÍÐASTA

Centurion

Leikstjóri: Neil Marshall.
Aðalhlutverk: David Morrissey, Dominic West, JJ Feild, Michael Fassbender og Olga Kurylenko.
Lengd: 97 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,8.
Aldurstakmark: 16 ára.



Hér er horfið aftur til ársins 117 þegar Rómverjar höfðu hertekið Bretland. Í norðri mætti þeim mikil andspyrna, en þar börðust Piktar hatrammlega til að verja landsvæði sem síðar varð Skotland. Quintus Dias er rómverskur herforingi og sonur þekkt skylmingapræls. Hann fer fyrir herdeild sem gerir innrás á svæði Píkta til að bjarga hershöfðingja. Í innrásinni er sonur leiðtoga Piktanna drepinn og upp frá því eru Rómverjarnir hundeltir af hefndarþyrstum hópi Píkta, undir stjórn hinnar fögru en stórhættulegu Etain.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á Youth in Revolt. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndapróð vinnunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra vinningshafa og sendum þá í bíó.

facebook.com/monitorbladid

The Last Song

Leikstjóri: Aaron Zigman.
Aðalhlutverk: Miley Cyrus, Greg Kinnear, Bobby Coleman, Liam Hemsworth, Hallock Beals og Kelly Preston.
Lengd: 107 mínútur.
Dómar: IMDB: 3,0 / Metacritic: 3,3 / Rotten Tomatoes: 20%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka,



Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri. Rómantísk dramamynd um Ronnie (Cyrus), 17 ára uppreisnargjarna stúlku sem hefur ekki verið sóm síðan foreldrar hennar skildu fyrir þremur árum. Móðir hennar sendir hana til að búa með föður sínum, sem starfar sem kennari og píanóleikari í smábæ nokkrum. Það þykir henni afar skitt í fyrstu, en eftir að hún kynnist Will (Hemsworth) er lífið ekki svo glatað.



QUINTUS DIAS SÝNIR OKKUR SUMARTÍSKUNA ÁRIÐ 117

Popp-korn

Leikstjórann Martin Scorsese langar að fá Al Pacino til að leika Frank Sinatra í væntanlegri mynd um ævi stórsöngvarans og Robert De Niro til að leika Dean Martin í sömu mynd. „Ég er búinn að vera að hugsa um þessa mynd í langan tíma. Uppkast að handriti er meira að segja tilbúið,“ sagði Scorsese. Leonardo DiCaprio hefur einnig verið nefndur sem kandídat í aðalhlutverkið.



Jon Favreau, leikstjóri Iron Man-myndanna, er þegar byrjaður að vinna að næsta verkefni sínu sem er kvikmyndin Cowboys and Aliens. Á meðal aðalleikara eru Sam Rockwell, Harrison Ford og Daniel Craig. Nú síðast voru að bætast í hópin Keith Carradine og Íslandsvinurinn Paul Dano, sem lék aðalhlutverkið í kvikmynd Dags Kára, The Good Heart. Myndin er væntanleg á næsta ári.



Aóðáendur kvikmyndarinnar Zombieland hafa ástæðu til að gleðjast. Aðalleikari myndarinnar, Jesse Eisenberg, er að fara að leika í annarri hasargamanmynd eftir leikstjóra Ruben Fleischer, leikstjóra Zombieland. Myndin ber heitið 30 Minutes Or Less og mun einnig skarta þeim Danny McBride og grínistanum Aziz Ansari í stórum hlutverkum.



Fregnir herma að breska fyrrsætan Rosie Huntington-Whiteley hafi fengið aðalhlutverkið í Transformers 3, en Megan Fox verður, sem kunnugt er, ekki með í myndinni. Rosie, sem er 23 ára, er þekktust fyrir að sitja fyrir hjá Victoria's Secret og mun leikstjórinn Michael Bay vera mikill aðdáandi stúlkunnar. Nú tala menn um Rosie Huntington-Whiteley sem hina nýju Megan Fox.



Hasarmyndagoðsögnin Jean-Claude Van Damme hefur tekið að sér að tala inn á framhaldsmynd Kung Fu Panda. Myndin ber heitið The Kaboom of Doom og mun Van Damme tala fyrir kungfú-meistarann og krókóðflinn Croc. Van Damme virðist því vera að rísa upp frá dauðum; tvö ár síðan hann lék í hinn stórfínu JVCN en fram að því hafði hann verið í marga ára lægð.



fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍPRÓTTIR, UPPISTAND, PUB QUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR HVANNDALSBÆÐRA

Græni Hatturinn Akureyri

22:00

Pjúra partíplata með óhljóðum

„Við ætlum að byrja þetta á Græna hattinum eins og við gerum yfirleitt þegar við förum að túra. Það er okkar heimavöllur,“ segir Valur Freyr Halldórsson trommuleikari Hvanndalsbræðra. Þeir standa fyrir útgáfutónleikum vegna plötu sveitarinnar sem nefnist einfaldlega Hvanndalsbræður og kom út í síðustu viku, og munu troða upp á Græna hattinum á bæði fimmtudags- og föstudagskvöld.

Valur lofar góðu stuði eins og Hvanndalsbræðra er von og vísa og talar í því samhengi um gestaspilara, þar á meðal hljómborðsleikara sem sér um óhljóð á plötunni. „Það er mikið af óhljóðum á plötunni og það verður talið í öll óhljóðin á tónleikunum,“ segir Valur.

Platan kom út í síðustu viku og stökk beint í annað sæti yfir mest seldu plötur landsins og er sú mest selda á Tónlist.is. „Við erum mjög ánægðir með plötuna. Þetta er heilsteyptasta platan sem við höfum gert hingað til og mest lagt í hana,“ segir Valur, en gripurinn inniheldur lög á borð við Fjóla, Vinkona, LaLa Lagið og Vinsæll sem hafa öll notið mikilla vinsælda undanfarin misseri. „Þetta er pjúra partíplata,“ segir Valur.



27
maí

fimmtudagur

SUMARDJAMM PRIKSINS

Prikið

12:00 Sumarstemning í portinu allan daginn þar sem Rottweiler troða upp og Emmisjé Gauti, Diddi, Dj Moonshine og fleiri þeyta skífum. Grilluð BBQ rif og dunk keppni. Nú þurfa allir að sameinast og vonast eftir góðu veðri.



FYRIRLESTUR MEÐ FRIEDRIKE VON RAUCH

Hafnarborg

20:00 Í Hafnarborg stendur yfir sýningin Staðir verk eftir þýska ljósmyndarann Friederike von Rauch. Á þessum fyrirlestri segir hún frá verkum sínum og ferli sem ljósmyndara. Aðgangur er ókeypis.

FÓTBOLTA-QUIZ SAMMARANS

English Pub

20:00 Vikulegt fótbolta-quiz Sammarans fer nú fram í 26. sinn og er þemað að þessu sinni Ísland, þ.e. íslenskir atvinnumenn, íslenska landsliðið, íslenska deildin og allt sem tengist íslenskum fótbolta. Þátttaka er ókeypis og glæsileg verðlaun eru í boði.

ÞÖBB QUIZ Á DANSKA

Den Danske Kro

20:00 Þemað í þessu þöbb kvíssi er Reykjavíkurborg en það er Alfréð, félag ungra framsóknarmanna, sem stendur fyrir gamaninu. Mæting og skráning klukkan 19:00 og eru vegleg verðlaun í boði auk þess sem óvæntur gestur mætir á svæðið. Klukkan 22:00 tekur Hreimur svo við með trúbadorastemningu.

DREKKA, DMSS OG TENTACLES OF DOOM

Tónlistarþróunarmiðstöðin, Holan

20:00 Tónlistarmaðurinn Michael Anderson, sem kallar sig Drekkja, kemur frá Indiana-fylki í Bandaríkjunum. Tónlist hans tilraunakennd og lítið er notast við hefðbundin hljóðfæri. Auk þess spila á tónleikunum íslenska drungapönkbandið Tentacles of Doom og hljómsveitin The Deathmetal Supersquad. Miðaverð er einungis 500 krónur.



VILLIDÝR / PÓLÍTÍK

Borgarleikhúsið, Litli Salur

20:00 Rádiusbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon leiða saman hesta sína á ný í íslensku útgáfu frægar uppistandssýningar Ricky Gervais. Fyrir hlé er það Pólitík með Davíð Þór og eftir hlé mætir Steinn Ármann með Villidýr. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi og kvikmyndinni Astrópiu. Miðaverð 3.450 krónur.



KYRRJA

Norðurlöllinn

20:00 Nýtt íslenskt dansverk þar sem munurinn milli góðs og ills er rannsakaður. Ragnheiður S. Bjarnadóttir er danshöfundur og annaðist hugsmíð ásamt Hjördísi Árnadóttur. Snæbjörn Brynjarsson sér um texta og Jóhann Friðgeir Jóhannsson sá um tónsmíð. Miðaverð 1.500 krónur.



AF ÁSTUM MANNS OG HRÆRIVÉLAR

Þjóðleikhúsið, Kassinn

20:00 Hjartnæmur heimilistækjasirkus með Kristjáni Ingimarssyni og Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, eftir Ilmi Stefánsdóttur, Kristján Ingimarsson, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur og Val Frey Einarsson, sem jafnframt er leikstjóri. Tugþraut í tengiflugu, Nilfisk-sjónhverfingar, hrærivélasamdrættir, flöggrandi forréttir, samhæfður klütadans og fleiri töfrandi uppákomur. Miðaverð 2.500 krónur.



BRÆÐUR

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið

20:00 Dansverk um karlmenn þar sem dans, leikur, tónar og sjónlist mætast með djörfum og kraftmiklum hætti. Í verkinu er hugarheimur og veruleiki karlmanna í fyrirrúmi, séður með augum karla og kvenna í gegnum gleði, svita og tár. Miðaverð 3.400 krónur.



FAUST

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B

20:00 Það eru liðin fjórutíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri á að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skiptið er leikstjóri í höndum Gísla Arnar Garðarsonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis. Miðaverð 3.950 krónur.



ÚTGÁFUTÓNLEIKAR ÓLAFS ARNALDS

Íslenska óperan

20:30 Ólafur Arnalds er nú þegar orðinn eitt af virtari tónskáldum okkar Íslendinga. Ólafur gaf nýverið út sína aðra plötu og til að fagna útkomu hennar heldur hann tónleika í íslensku óperunni. Þar blandar hann meðal annars saman klassík, poppi, rokki og raftónlist. Miðaverð 1.800 krónur.

RAWK WITH LE COQ

Venue

21:00 Tónleikar þar sem böndin Kid Twist, Tamarin/Gunslinge, Luv og Caterpillarmen koma fram. Það verður rokkað og slammað í mikilli gleði. Og ekki skemmir að aðgangur er ókeypis.

MOJITO-FIMMTUDAGUR

Thorvaldsen

22:00 Fimmtudagskvöldin eru tileinkuð mojito á Thorvaldsen. Þúsund kall stykkið og margar gerðir í boði, t.d. jarðberja og bláberja. Dj Stjáni spilar svo til lokunar.

SJONNI OG VIGNIR

B5

22:00 Sjonni Brink og Vignir Snær mæta á B5 í fagmannlega trúbadorastemningu.

GÍSLI GALDUR Á KB

Kaffibarinn

22:00 Gísli Galdur þeytir skífum fyrir þá sem taka helgina snemma.



HÓLMSTOKK

ÍR-völlurinn

18:00

Stórhátíðin
Hólmstokk

Unglingar í Breiðholti halda stórtónleika til styrktar BUGL og Barnahúss.

„Þetta hefur verið haldið oft áður en hefur alltaf verið lítil hátíð inni í félagsmiðstöðinni okkar. En núna langaði okkur að gera þetta stærra og þetta er bara orðið að stórrí hátíð,“ segir Bogi Örn Jónsson, einn af þeim unglingum úr félagsmiðstöðinni Hólmaseli sem koma að skipulagningu Hólmstokk, tónlistarhátíðar sem haldin verður á ÍR-vellinum á föstudag. Þar munu fjölmargir tónlistarmenn gefa vinnu sína en meðal þeirra eru Skítamóral, Toggi, Reykjavík!, Lára, Kristmundur Axel og Friðrik Dór.

Sigrún Dís Hauksdóttir, sem einnig kemur að skipulagningunni, segir að þau hafi viljað nota ágóðann til þess að styðja við börn og því hafi BUGL og Barnahús orðið fyrir valinu. Krakkarnir hafa ekki áhyggjur af því að erfitt verði að fá fólk til að mæta enda hafi slíkt ekki verið vandamál í Breiðholti. „Já, það er allavega mjög mikil stemning fyrir þessu og við ætlum að reyna að fá sem flesta til að mæta, líka fólk úr öðrum félagsmiðstöðvum,“ segir Sigrún Dögg en þau vonast til að upp undir þúsund manns leggi leið sína á völinn þetta kvöld.

Tónleikarnir hefjast á ÍR-vellinum klukkan 18 og lýkur klukkan 22. Aðgangseyrir eru 500 krónur og rennur allur ágóðinn til góðra málefna.

Mynd/Golli

DREKKTU BETUR

Gallery Bar 46

18:00 Tilvalið að taka kvöldið snemma og byrja á góðu pub quizi. Drekkstu betur hefur farið fram alla föstudaga í á áttunda ár við góðan orðstír. Þrjátíu spurningar, kassi af bjór í verðlaun. Allir sem svara 18. spurningu rétt fá bjór.

EIVÖR PÁLSDÓTTIR

Íslenska óperan

19:00 og 22:00 Færeyski söngfuglinn Eivör Pálsdóttir heldur tónleika í Íslensku óperunni í tilefni af útgáfu nýrrar breiðskífu. Larva er sjöunda plata Eivavar og sýnir hún á sér nýjar hliðar á henni. Vegna mikillar aðsóknar var aukatonleikum klukkan 19:00 bætt við. Miðaverð 3.900 krónur.

WILLIAM WESTNEY

Salurinn í Kópavogi

19:30 Píanóleikarinn William Westney heldur einleikstónleika í Salnum í Kópavogi. Fjölmargar klassískar perlar á efnisskránni. Miðasala fer fram á Midi.is og kostar 2.500 krónur.

AFTURSNÚÐ

Leikfélag Akureyrar, Rýmið

20:00 Nýtt íslenskt dansverk í Rýminu sem fylgir tilraunum tveggja einstaklinga til að fóta sig við ókunnar aðstæður og takast á við heiminn eftir að honum hefur verið snúið á hvolf. Inntak verksins eru áföll í lífi fólks og eftirmálar þeirra. Miðaverð 1.500 krónur.

VILLIDÝR / PÓLÍTÍK

Borgarleikhúsið, Líti Salur

20:00 Ráðisbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon leiða saman hesta sína á ný í íslenskrí útgáfu frægrar uppistandssýningar Ricky Gervais. Fyrir hlið er það Pólitik með Davíð Þór og eftir hlið mætir Steinn Ármann með Villidýr. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi og kvikmyndinni Astrópiu. Miðaverð 3.450 krónur.

Þarf að bæta, breyta eða byggja við?

Íbúðalánasjóður veitir lán til endurbóta á húsnæði að innan og utan. Meðal annars eru veitt lán til lóðarframkvæmda og viðbóta við húsnæði. Lán geta numið allt að 80% af framkvæmdakostnaði. Hámarkslán eru 20 milljónir og lánstími 5 til 40 ár. Sömu vextir eru á þessum lánum og almennum lánum Íbúðalánasjóðs.

Kynntu þér málið:
www.ils.is
Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900 / 800 6969

Íbúðalánasjóður

EUROVISION-PARTÝ
PÁLS ÓSKARSNasa
00:00Langmesta
stuðið er
á Íslandi

„Ég hef verið beggja megin borðsins, fór út sem keppandi árið 1997, var þulur fyrir RÚV 1998 og svo var ég áhorfandi í salnum 2001 í Danmörku. Ekkert af þessu hefur slegið út stemninguna á Nasa hér á Íslandi,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson sem heldur sitt árlega Eurovision-partý á Nasa nú á laugardagskvöld. „Hér á Íslandi er besta stuðið, hér er best að vera, hérna eru allir með á nótunum og það næst alltaf mesti hitinn hér. Þannig ég vil helst ekki fara aftur út til Eurovision-lands í eigin skinni nema þá að ég verði keppandi og þá með rétta keppnislagið.“

Að vanda fá þeir sem mæta á Nasa nóg fyrir sinn snúð. „Ég spila alla Eurovision-söguna og er kominn með remix af öllum lögnum úr keppninni í ár og mun spila þau safaríkustu.“ Hápunktur kvöldsins er þó þegar hann sjálfur stígur á svið og tekur sína helstu smelli en þar að auki troða nokkrar skærustu Eurovision-stjórnur þjóðarinnar upp. „Sigga Beinteins og Sigrún Eva taka Nei eða já, svo kemur Jógvan en það vita ekki allir að hann spilar líka á fiðlu og massar Fairytale alveg nákvæmlega eins og Alexander Rybak.“ Það er svo nýkrýnd Eurovision-drottning Íslands, Jóhanna Guðrún, sem klárar showið en Palli heldur svo áfram að spila til hálf sex eða þar til honum verður hent út.

Forsala miða verður á föstudaginn kl. 13:00 til 17:00 á Nasa og kostar 2.000 krónur inn en fjörið byrjar á miðnætti á laugardagskvöld.



DAGBÓK ÖNNU KNÚTS - HELFÖRIN MÍN

Kafn Rósenberg

21:00

Það erfiðasta
sem ég hef gert

„Ég viðurkenni það að þetta er það erfiðasta sem ég hef gert á ævi minni. Þetta er alveg bara fallhlífastökk,“ segir Anna Svava Knútsdóttir, leikkona, en sýning hennar Dagbók Önnu Knúts – Helförin mín, hefur hlotið góðar viðtökur. Sýningin er eins konar uppistand þar sem Anna Knúts les kafla úr dagbók sinni frá unglingsárunum en við gerð handritsins notaði hún sína eigin dagbók auk þess sem hún fékk lánaðar dagbækur hjá jafnöldrum sínum. „Þannig að þetta er byggt á sönnum atburðum sem er kannski aðeins búið að laga og breyta.“

Það muna allir eftir því hvernig það var að vera unglingur en Önnu Knúts fannst fátt verra en að vera venjuleg. „Og hversu langt gengur maður til þess að vera ekki venjulegur? Þú veist, döp, sofa hjá, meiða sig?“ spyr Anna Svava en að hennar sögn gekk ýmislegt á hjá unglingum á þessum árum. Hún telur þó blessunarlega að margt hafi batnað í þeim efnum. „Í mínu hverfi var maður bara kominn með landabúrsann tólf ára liggur við. En svo fór ég að vinna á félagsmiðstöð sjálf eftir að ég varð fulloröin og þá var þetta ekki svona. Ég held það sé miklu meira í boði fyrir þessa unglunga og þeim er meira sinnt.“

Loks segist hún hafa tekið eftir því að mikið virðist halla á konur í þessari sviðsgræin. „Ég ætlaði að kaupa stand-up með stelpum og það voru þrjár rekkar af karlauppistandi og einn diskur þar sem var ein kona,“ segir Anna Svava og hvetur myndnar stelpur til að láta það ekki á sig fá og kýla á þetta. „Prófa bara! Bara í fimm mínútur. Maður fær rosa mikið kikk út úr þessu.“

Dagbók Önnu Knúts er sýnd á Rósenberg á sunnudagskvöld kl. 21:00 og kostar 1.000 krónur inn.

UNDRALAND GERPLU

Versalir í Kópavogi

10:00 – 16:00 Árleg vorsýning Gerplu fer fram í íþróttahúsinu Versölum í Kópavogi en sýningin ber nafnið Undraland Gerplu og er byggt á ævintýrinu um Lisu í Undralandi. Sýningarnar verða þrjár og hefjast þær klukkan 10:00, 12:30 og 15:00. Ókeypis inn en tekið við frjálsum framlögum.

HÚSLESTUR HJÁ
SIGRÚNU ELDJARN

Fjölnisvegi 12

14:00 Húslestur á vegum listahátíðar. Rithöfundar og skáld opna heimili sín. Heimilisleg og hjartnæm stemming. Einungis fá sæti í boði en miðaverð er 1.000 krónur.

HÚSLESTUR HJÁ ODDNÝJU
EIR ÆVARSDÓTTUR

Nönnugötu 4

15:00 Húslestur á vegum listahátíðar. Rithöfundar og skáld opna heimili sín. Heimilisleg og hjartnæm stemming. Einungis fá sæti í boði en miðaverð er 1.000 krónur.

HERRA POTTUR OG
UNGFRÚ LOK

Þjóðleikhúsið, Kúlan

15:00 Gáskafull og glettn leikhús- og tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna. Lítinn strák dreymir um að áhöldin í eldhúsinu lifni við. Ástir herra Potts og ungrú Pönnu fara næstum út um þúfur vegna afbrýðisemi daðurdrósrarinnar ungrú Kvarnar. Miðaverð 1.500 krónur.

KRISTJÁN JÓHANNSSON
OG SÖNGVINIR

Húsvíkurkirkja

16:00 Einn fremsti óperusöngvari Íslands fyrr og síðar, Kristján Jóhannsson, hefur á síðustu vikum flutt tónleika víða um land. Að þessu sinni eru það Húsvíkingar sem hann sækir heim. Miðaverð 4.300 krónur.

HÚSLESTUR HJÁ AUÐI
JÓNSDÓTTUR

Drafnarstíg 2a

16:00 Húslestur á vegum listahátíðar. Rithöfundar og skáld opna heimili sín. Heimilisleg og hjartnæm stemming. Einungis fá sæti í boði en miðaverð er 1.000 krónur.



ÍSLAND – ANDORRA

Laugardalsvöllur

16:00 Ísland og Andorra mætast í vínáttulandsleik á Laugardalsvelli. Þessar þjóðir hafa mæst þrisvar sinnum og þar af einu sinni áður í vínáttulandsleik. Það eru allir í íslenska landsliðinu. Allir á völlum! Áfram Ísland! Miðaverð eru 2.500 krónur á rautt svæði og 1.500 krónur á blátt og grænt svæði.

FAUST

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B

16:00 Það eru liðin fjórutíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri á að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skiptið er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarsonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis. Miðaverð 3.950 krónur.

HÚSLESTUR HJÁ VIGDÍSI
GRÍMSDÓTTUR

Úthlíð 4

17:00 Húslestur á vegum listahátíðar. Rithöfundar og skáld opna heimili sín. Heimilisleg og hjartnæm stemming. Einungis fá sæti í boði.

EUROVISION
Á STÓRUM SKJÁ

Prikíð

19:00 Ertu ekki kominn með Eurovision-plön eða nennirðu ekki í úthverfaparty? Ekki örventa. Þú getur horft á Prikínu í góðu fjöri. Þjórnin á litlar 400 krónur. Svo tekur við V.I.P. helgi og Benni heldur uppi stuðinu.

FERÐASAGA GUÐRÍÐAR

Vikingaheimar, Reykjanesbæ

20:00

Vikingaskipið Íslendingur er orðinn að leiksviði í nýju leikhúsi í Vikingaheimum í Reykjanesbæ. Fyrsta sýningin sem þar er sett upp er Ferðasaga Guðríðar eftir Brynju Benediktsdóttir, í nýrri uppfærslu Maríu Ellingsen en sýningin fór upphaflega sigurför um Bandaríkin og Kanada í tilefni árpúsundamótanna. Miðaverð 3.400 krónur.

SSSÓL

Spot

00:00 Jaxlarnir í SSSól halda uppi fjöri þessa kosningarótt. Övist hvort Eurovision-lög fái að hljóma en öruggt að margar íslenskar þerlur úr þeirra safni verða blastaðar. Miðaverð 1.800 krónur.

DJ STJÁNI

Thorvaldsen

00:00 Dj Stjáni sér til þess að allir séu í rétta girnum.

SÍMON FKNHNSM Á KB

Kaffbarinn

00:00 Símon fknhndsm þískar fólkið áfram á dansgólfinu.

BIGGI MAUS Á BOSTON

Boston

00:00 Biggi Maus þeytir skífum fyrir dansóðan almúgan.



Velkomin í **HÁSKÓLA ÍSLANDS**

**Frestur til að sækja um
grunnám er til 5. júní.**

Þá rennur einnig út umsóknar-
frestur um styrki úr Afreks- og
hvatningarsjóði stúdenta HÍ.